

## 1. Almennt

Fiskeldi Austfjarða hf. (kt. 520412-0930) áður Rifós hf. (kt. 500692-2869), Röndin, 670 Kópaskeri, sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 2.700 tonna hámarkslífmassa af laxi til seiðaeldis, þann 4. mars 2022. Fyrirtækið var áður með rekstrarleyfi (FE-1168) fyrir 400 tonna hámarkslífmassa af laxi til seiðaeldis að Röndinni við Kópasker.

Fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að öll ker eru útbúin stálríst við útfalls vatns úr kari sem hæfir stærð fisksins sem er í kerinu hverju sinni til að hindra að fiskur geti komist úr körunum. Að auki er affallsvatn leitt í gegnum þetta tromlusíu. Með þessari tvöföldu vörn eru litlar líkur taldar á stroki úr stöðinni en leggja verður áherslu á reglulegt eftirlit og viðhald með öryggisvörnum.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og álit Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 9. október til 6. nóvember 2023 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

### 2.1 Inngangur

Fiskeldi Austfjarða hf., áður Rifós hf., lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 1. mars 2022 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 11. júlí 2022.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir því að aðalvalkostur fælist í því að byggja nýja eldisstöð syðst á Röndinni við ósa Snartarstaðalækjar en þar er stutt til hafnar þannig að hægt er að flytja stór seiði í brunnbát með dælingu frá stöðinni. Aðgengi að jarðsjó er önnur mikilvæg forsenda fyrir fiskeldisstöð af þessu tagi á landi, en nálgast má jarðsjó sem er um 13°C á Röndinni en sá hiti hentar vel við laxeldi. Fjallað var um núllkost, staðsetningar, vatnsnýtingu, fjölda seiða og tækni. Markmið framkvæmdarinnar er að ala upp seiði í volgum jarðsjó þar til seiðin verða orðin 300g - 1.000g að þyngd og verða þau þá flutt í sjókvíar í fjörðum Austanlands.

Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur gögnin lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

### 2.2 Grunnvatn og yfirborðsvatn

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að óvissa ríki um áhrif dælingar/vatnstöku á grunnvatnsstöðu sem og á stöðu yfirborðsvatns í nálægu votlendi, m.a. í ljósi þess stutta tíma sem dælingarprófanir fóru fram og þess takmarkaða vatnsmagns sem dælt var upp í prófununum. Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi vöktunar til þess að eyða óvissunni og að skýrt liggja fyrir hver viðbrögð framkvæmdaraðila verði sýni niðurstöður vöktunarinnar að vatnstaka fyrir starfsemina sé að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn og stöðu yfirborðsvatns á svæðinu. Skipulagsstofnun telur, í ljósi þess sem rakið er hér að framan, að áfangaskipta þurfi

fyrirhugaðri uppbyggingu eldisins til þess að unnt sé að fylgjast með og meta betur áhrif á seltu, niðurdrátt og grunnvatns- og yfirborðsvatnsstöðu með hliðsjón af vöktun. Skipulagsstofnun telur að nauðsynlegt sé að staðsetning borhola liggja skýrt fyrir í umsókn um nýtingarleyfi Orkustofnunar og að í nýtingarleyfi þurfi að setja skilyrði um áfangaskiptingu sem og vöktun og viðbrögð ef vöktun leiðir í ljós að vafi leiki á hvort svæðið þoli þá vatnsvinnslu sem fyrirhuguð er. Matvælastofnun telur ljóst að óvissa ríki um áhrif dælingar/vatnstöku á svæðinu. Rekstraraðili bendir á að rannsóknarboranir hafi verið haldið áfram eftir að umhverfismatsskýrslu hafi verið skilað inn. Einnig bendir rekstraraðili á að staðsetning borhola muni liggja fyrir áður en sótt verði um leyfi Orkustofnunar fyrir grunnvatnstöku á svæðinu. Matvælastofnun bendir á að vöktunaráætlun um vöktun á áhrifum vinnslu á grunnvatn verði að liggja fyrir áður en vatnstaka er aukin og að Orkustofnun veitir leyfi til vatnstöku og gerð borhola vegna vatnstöku, að undangengnum rannsóknum skv. lögum nr. 57/1998 auk þess sem Orkustofnun hefur eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns.

### 2.3 Fuglar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji ljóst að umfangsmikið rask verði á talsvert stórum varpsvæðum kríu og hettumáfs við fyrirhugaðar framkvæmdir og líkur á að hettumáfsvarp leggist af en möguleiki verði á að krían færi sig til. Fram kemur í álitum Skipulagsstofnunar að Umhverfisstofnun telji að með því að skapa aðstæður fyrir kríur til að verpa megi draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á kríu og þá m.a. með þeim aðgerðum sem Fiskeldi Austfjarða, áður Rifós, setur fram að tillögu Náttúrustofu Norðausturlands um að slá lúpínubreiður norðvestan framkvæmdasvæðisins. Einnig leggur Skipulagsstofnun áherslu á að framkvæmdir fari ekki fram á varptíma fuglanna frá 15. apríl til 15. ágúst. Matvælastofnun telur ljóst að umrædd framkvæmd muni hafa töluverð áhrif á varpsvæði hettumáfs og kríu við fyrirhugaðar framkvæmdir. Með mótvægisáðgerðum sem rekstraraðili leggur til í samráði við Náttúrustofu Norðausturlands telur stofnunin að það megi minnka þau áhrif sem kunni að verða.

### 2.4 Fráveita – lífríki fjöru

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að Hafrannsóknarstofnun bendi á að ekki sé fjallað um að ástand viðtakans skuli vera metið eins og gert sé ráð fyrir í lögum um stjórn vatnamála. Rekstraraðili bendir á að áhersla verði lögð á að ástand viðtaka muni ekki hnigna og verði þess getið þegar framkvæmdaraðili sækir um viðeigandi leyfi fyrir framkvæmdinni. Fyrir liggur að hreinsibúnaður mun sía út fast efni, en næringarefni í uppleystu formi koma til með að berast með frárennsli til sjávar um frárennislögn. Mikilvægt er að staðið verði þannig að verki við framkvæmdir við lögnina að raski verði haldið í lágmarki í fjöruborði. Ennfremur þarf, til þess að ganga úr skugga um að viðtaki, lífríki fjöru og grunnsævis verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af völdum affallsvatns, að setja skilyrði í starfsleyfi um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og ástandi viðtaka. Með hliðsjón af áformum Rifóss um meðhöndlun á frárennsli og að í starfsleyfi verði kveðið á um vöktun á losun og áhrifum á viðtaka telur Skipulagsstofnun að áhrif frárennsli á viðtaka, lífríki grunnsævis og fjöru verði óveruleg. Matvælastofnun tekur undir þessa ályktun Skipulagsstofnunar og bendir á að vöktun næringarefna sé í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar. Áhættan sé því takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við í samráði við eftirlitsaðila.

### 2.5 Ásýnd og útivist

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að áhrif af fyrirhugaðri framkvæmd sé að einhverju leyti komin fram þar sem framkvæmdir við einn kerjapall með tilheyrandi raski séu yfirstandandi eða lokið. Hins vegar sé ljóst að umfang bygginga verði mun meiri við fyrirhugaðar framkvæmdir og muni ásýnd svæðisins breytast til frambúðar og upplifun íbúa og vegfarenda sem stunda útivist eða eiga leið um svæðið komi til með breytast. Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun og telur að áhrif á landslag og ásýnd verði talsvert mikil en bendir á að búið sé að samþykkja deiliskipulag vegna stækkunar eldisins þar sem eru skýr ákvæði varðandi umfang og útlit bygginga á svæðinu.

## 2.6 Náttúruverndarsvæði – jarðminjar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stærstur hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sé utan við sjávarbakkana sem eru jarðmyndanirnar á náttúruminjaskrá en hluti hennar muni verða fyrir raski vegna aðkomuvegar. Hins vegar sé framkvæmdasvæðið allt innan afmörkunar svæðis á náttúruminjaskrá skv. aðalskipulagi Norðurlands sem tekur til mun stærra svæðis en jarðmyndunartekningarinnar en skv. aðalskipulaginu sé gert ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir uppbygginguna. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands að mikilvægt sé að raski á jarðmynduninni verði haldið í lágmarki og þar sem nú þegar hafi orðið töluvert rask á svæðinu og auki það mikilvægi þess að vernda þann hluta myndunartekningarinnar sem minnst er raskaður. Að öðru leyti þurfi við allar framkvæmdir að taka tillit til þess að áhrifasvæðið sé allt á og við skilgreint svæði á náttúruminjaskrá skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins og leggja verði áherslu á vandaða uppbyggingu og frágang mannvirkja og lóðar. Óhjákvæmilega muni verða nokkuð neikvæð áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum á náttúruverndarsvæðið. Matvælastofnun er tekur undir að óhjákvæmilega muni verða nokkuð neikvæð áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum á náttúruverndarsvæði. Matvælastofnun bendir á að verði vandað til við hönnun mannvirkja, umhverfismótun og góðan frágang lóðar og að öllu raski verði haldið í lágmarki innan sem utan lóðarmarka megi draga úr neikvæðum áhrifum.

## 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Sveitarfélagsins Norðurlands þann 12. september 2022.

Sveitarfélagið Norðurland veitti umsögn þann 28. September 2022 og taldi ekki tilefni til að ætla að starfsemi Fiskeldis Austfjarða, áður Rifóss, á Röndinni hefði neikvæð vistfræði- eða erfðafræðiráhrif.

Hafrannsóknastofnun veitti umsögn þann 29. september 2022 og leggur áherslu á skv. lögum um stjórn vatnamála mætti ástand viðtaka ekki hnigna vegna starfseminnar. Verði vöktun sinni og mótvægisáðgerðum beitt sé ólíklegt að verulega neikvæð vistfræðileg áhrif verði á vatnahlotið. Frárennsli stöðvarinnar verður vaktað samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Fiskistofa veitti umsögn þann 17. febrúar 2023 og telur að ef fiskar slyppu úr fiskeldisstöð gætu þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum ef þeir bærust í náttúruleg kerfi. Því væri mikilvægt að huga sérstaklega að því að affall frá stöðinni væri útbúið á þann hátt að litlar líkur séu á því að fiskar strjúki. Jafnframt telur Fiskistofa að þar sem um landeldi væri að ræða væri ekki mikil hætt á að smit bærist í villta stofna.

Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva er kveðið á um að gildistaka sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur og að mati Matvælastofnunar uppfyllir fiskeldisstöðin Fiskeldis Austfjarða þau skilyrði. Frárennsli stöðvarinnar verður vaktað samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins sem Umhverfisstofnun samþykkir.

## 4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Fiskeldis Austfjarða hf., áður Rifós hf., að Röndinni á Kópaskeri. Rekstrarleyfið heimilur 2.700 tona hámarkslífmassa á laxi í seiðaeldi í eldisstöðinni að Röndinni.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur

Í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Við gildistöku rekstrarleyfis FE-1203 fellur samhliða úr gildi rekstrarleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. FE-1168 að Röndinni á Kópaskeri.

Matvælastofnun afhendir jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 5. desember 2039.

Selfoss, 5. desember 2023